



Framþróun og breytingar

Fyrir u.þ.b. 2500 árum urðu miklar hræringar í hugmyndafræði hindúa. Spekingar eins og Siddhartha Gautama, betur þekktur sem Búddha, og Mahavira, upphafsmaður janismi, gagnrýndu ríkjandi valda- og stéttakerfi og efuðust um marga þætti átrúnaðarins. Hugmyndir þeirra höfðu mikil áhrif á samfélagið og á þessum tíma tók trúin því miklum breytingum. Fórnir lögðust að mestu af en í staðinn var farið að tilbiðja myndir af guðunum. Skyldur einstaklingsins, svokallað dharma, fór



að verða miðpunktur hindúatrúar. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi friðar sem dyggðar og síðan þá hefur friðarboðskapur þótt einkennandi fyrir hindúatrú. Á þessum tímum voru mörg af helstu og mikilvægustu ritum hindúa skrifuð niður en fram að því hafði innihald þeirra gengið munnlega mann fram að manni.

Janismi er átrúnaður sem er sambland af trú og heimspeki. Janismi varð til á Indlandi fyrir um 2500 árum en upphafsmaður hans var Vardhaman Mahavira. Janismi byggir að mörgu leyti á sömu kenningum og hindúismi s.s. með karma og endurholdgun en leggur auk þess sérstaka áherslu á að allt líf sé heilagt og ekkert ofbeldi réttlætanlegt.

Tilbeiðsla er það að dýrka einhvern, yfirleitt guð, og sýna honum ást sína.

Dyggð er góður siðferðilegur eiginleiki. Sem dæmi um eiginleika sem flestir telja vera dyggð eru að vera hjálpsamur og heiðarlegur.

Búddhadómur varð sífellt vinsælli í landinu og þegar mikill keisari að nafni Ashoka, sem var búddhatrúar, náði yfirráðum yfir stórum hluta Indlands breiddist búddhadómur enn hraðar út og hafði mikil áhrif á menningu þeirra og siði. Hindúatrú hvarf þó ekki úr menningunni og nokkur hundruð árum síðar, á tímum Gupta keisaraveldisins, varð mikil endurvakning á hinni gömlu menningu hvort sem var í formi átrúnaðar, lista eða vísinda og fljótlega varð hindúatrú aftur stærsti átrúnaður Indlands.

Samhliða þessu þróaðist hindúatrú enn meir.

Dýrkun á náttúrugúðunum hvarf að mestu en í staðinn fór fólk að dýrka stóru guðina, Vishnu, Shiva og Gyðjuna.



Spurningar

1. Hvaða áhrif höfðu spekingarnir Búdda og Mahavira á hindúisma?
2. Hvers konar boðskapur fór að einkenna hindúisma í kjölfar þessara áhrifa?
3. Hvernig hafði speki hindúa verið geymd fram að þessum tíma?
4. Hvaða áhrif hafði keisarinn Ashoka á átrúnað í Indlandi?
5. Hvað gerðist á tímum Gupta keisaraveldisins?